Reykjavíkurborg
Íþrótta- og tómstundasvið

Reykjavík, 4. júní 2019
2018080002
5.5

Borgarráð

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

***Umsögn um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins - tilv. R18080042***

Á fundi borgarráðs 9. maí 2019 var eftirfarandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokk fólksins vísað til umsagnar Íþrótta- og tómstundasviðs:

*Flokkur fólksins leggur til að borgin greiði helminginn af sumargjaldinu fyrir þennan hóp í Laugardalnum. Sumargjaldið er 95 þúsund sem er allt of hátt fyrir þennan hóp sem hefur takmarkaða greiðslugetu og ber borginni að koma til móts við erfiða fjárhagsstöðu þeirra eins og annarra sem ná ekki endum saman. Í þessum hópi kunna að vera aðilar sem eiga ekki heima í Reykjavík og er lagt til að borgin ræði um samræmdar aðgerðir við viðkomandi sveitarfélög eftir atvikum.*

Í haust voru gerðir samningar við gesti á tjaldsvæðinu í langtímaleigu vegna sl. veturs. Samningarnir giltu til 15. apríl 2019 og síðan aftur til 1. júní 2019.

Samkvæmt upplýsingum frá Farfuglum hafa flestir samningsaðilar nú greitt, eða eru að semja um uppgjör og hafa tilkynnt um brottför af svæðinu.

Ómar Einarsson.